

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 300 en starfsmenn allir kringum 650. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnsskoli.is](http://www.öldutunnsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 20. TBL.

18. JANÚAR 2008

## Fræðslufundir og 10 ný námskeið í boði á vorönn

Í næstu viku fá kennarar í Hafnarfirði sendan námskeiðsbækling í tölvupósti yfir þau námskeið sem verða í boði á vorönn 2008. Námskeiðin fara fram í febrúar til apríl. Nokkur námskeið, sem voru ætluð skólastjórnendum, halda áfram frá haustönn en fyrir kennara koma ný námskeið.

Þegar námskeiðsbæklingur kemur geta kennarar strax skráð sig á námskeið og í vetur hafa allir kennarar sem vildu komist á námskeiðin sem í boði voru á haustönn. Frekar hefur þurft að leggja niður námskeið sökum ónógrar þátttöku. Kennarar geta litið svo á að innsend tilkynning um námskeið sé skráning sem standi. Að vísu getur komið til að

námskeið fellur niður ef þátttaka er lítil sem engin.

Nú er verið að ganga frá síðustu óvissuþáttum varðandi námskeiðin en það verður leyst í byrjun næstu viku og þá

verður bæklingurinn sendur út. Fylgist með tölvupóstinum.



Frá fræðslufundi fræðslusviðs og fjölskyldusviðs fyrr í dag.

## Alþjóðleg listasamkeppni fyrir ungt fólk

Menntamálaráðuneytið vill vekja athygli á alþjóðlegri samkeppni fyrir ungt fólk á aldrinum 3ja-25 ára sem haldin er árlega í Evrópu. Íslensk börn eru hvött til þátttöku. Það getur gefið einhverjum kennurum og skólum tilefni til verkefna í skólastarfi.

Keppninni er skipt í nokkra flokka og tekið er við alls konar tegundum listaverka, ákveðin stærðarviðmið eru í gangi um

hámarksstærð verka og aðeins er tekið við einu verki eftir



hvern þátttakanda. Verk geta þó bæði verið eftir einstaklinga

eða hópa.

Skilafrestur á verkefnum er til 8. mars 2008 en úrslit verða kynnt 17. maí. Peningaverðlaun eru í boði fyrir þrjá en 100 viðurkennningar eru veittar að auki. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu stofnunarinnar, The UNESCO Centre Louis François í Frakklandi (sjá slóð hér neðar). Frekari upplýsingar um keppnina hafa verið sendar í grunnskólana.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://centre.unesco.free.fr/english/histogb.htm>

## Skólaþróun



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 7. janúar  
152. fundur:

- Tillaga frá bæjarstjórn um að hætta gjaldtöku í grunn-skólum og úttekt á fagstofnunum fræðsluviðs sett í nefnd til skoðunar, skipuð fulltrúum allra flokka auk starfsmanna í stjórnkerfinu (fræðslustjóri, fjármálastjóri).
- Tillaga frá bæjarstjórn um að rannsaka námsvanda stúlkna og úrræði í Hafnar-firði var falin fræðsluviði til frumskoðunar og að afla grunnupplýsinga fyrir frekari ákvarðanatöku.
- Birt bréf frá menntamála-nefnd Alþingis þar sem óskað er umsgagnar um frumvörp til laga um grunnskóla, leikskóla og menntun starfsmanna í skólum. Ákveðið að boða til sérstaks samráðsfundar aðila í fræðsluráði til að taka saman ábendingar frá hópum sem eiga aðild að ráðinu. (Fundurinn var haldinn fimmtudag 17. janúar kl. 15 á Skólaskrifstofu.)



### Tilkynning vikunnar

Námskeiðsbæklingur um námskeið Skólaskrifstofu á vorönn verður sendur út í næstu viku og námskeiðin hefjast fljótlega í febrúar.

Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
25. janúar 2008

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


- » **Greiningarlyklar um smádyr** er nýtt kennsluefni frá Námsgagnastofnun til nota við náttúrufræðikennslu. Greiningarlyklarnir eru þrír í pakka, LANDIÐ, FJARAN og VATNIÐ. Vettvangsferðir, útikennsla og athuganir af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í náttúrufræðinámi. Greiningarlyklarnir er hugsaðir til þess að auðvelda nemendum að greina einstakar tegundir smádyra sem þeir kunna að rekast á. Til þess að auðvelda notkun lyklnanna við útikennslu eru þeir plastaðir. Höfundar eru Hrefna Sigurjónsdóttir og Snorri Sigurðsson.
- » Út er komin þemaheftið **Mælingar um víða veröld** og geisladiskurinn **Námsmatsverkefni 3 og 4**. Þetta efni er hluti af námsefnisflokknum **Átta-tíu** í stærðfræði hjá Námsgagnastofnun. **Mælingar um víða veröld** er ætlað nemendum á unglingastigi. Í þessu hefti er fjallað um mælieiningar sem notaðar eru á ólíkum stöðum i heiminum og þær bornar saman. Auk þess eru gamlar íslenskar mælieiningar skoðaðar. Heftið er margnota efni og nemendum því ætlað að skrá lausnir sínar annað hvort í tölvur eða lausnarhefti. **Námsmatsverkefni 3 og 4** er safn hugmynda að námsmatsverkefnum með bókunum **Átta-tíu 3 og Átta-tíu 4**. Þetta eru fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast öllum köflum bókanna. Önnur þemahefti í sama flokki eru **Töflureiknir notaður** og **Gullinsíð**.



### Kennsla í að skrifa leikrit

Fræðiefni vikunnar er handbók fyrir kennara til að kenna nemendum að skrifa leikrit sem ein tegund ritunar í skólastarfi. Ritið nefnist **Move Over Shakespeare: Playwriting in the Classroom**. Ritið er 65 síður að lengd.

Efnið er nákvæmar leiðbeiningar fyrir kennara um handritagerð þar sem kenndir eru einstakir þættir í ritunarferli leikritagerðar, s.s. um samtöl, einræður, kynning á aðstæðum og öðrum þáttum sem lúta að leikritaskrifum.



**VEFSLÓÐ:** <http://www.curriculum.org/tcf/teachers/projects/shakespeare.shtml>

### Fræðiefnið

Efnið er gefið út af kanadískri stofnun sem gefur út margvíslegt efni fyrir kennara og skólustarf. Þar er ýmislegt fróðlegt efni að finna, einnig fyrir foreldra.

Handbókin um kennslu í leikritagerð er eitt margra fróðlegra handbóka og kennsluefnis fyrir kennara og því aðeins dæmi um efnið þar.

Veffang: <http://www.curriculum.org/index2.shtml>.

### Veftól til tungumálakennslu

Vefur vikunnar er gagnvirkur vefur sem hugsaður er kennurum sem sinna tungumálakennslu. Á honum geta kennarar búið til margs konar gagnvirk efni með lítilli fyrirhöfn. eru möguleikarnir nokkrir, þ.e. geta jafnvel falið í sér margmiðlun þar sem blandað er

saman texta, myndum og hljóði. Veftólin eru það fullkomin að jafnvel er hægt að taka við munnlegum svörum frá nemendum.

Á vefsíðunni eru einnig leiðbeiningar hvernig nota má veftólin og búa til efni til að setja inn fyrri nemendur.

### Vefhornið

Krefst alltaf einhvern þjálfunar hjá kennurum en allt gerist þetta við að prófa sig áfram.

Frítt, en gerist í gegnum aðgang sem kennari stofnar.

### Rich Internet Applications for Language Learning

Innovative tools to enhance language learning. Create, embed, share.

**VEFSLÓÐ:** <http://clear.msu.edu/teaching/online/ria/index.php>